

Flokkar fjárfesta

Kviku banka hf. („Kvika“ eða „bankinn“) ber, samkvæmt lögum nr. 115/2021 um verðbréfavíðskipti að flokka víðskiptavinum sína í víðeigandi flokk fjárfesta; **almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða víðurkennda gagnaðila**. Flokkun fer fram víð upphaf víðskiptasambands.

Umfang fjárfestaverndar ræðst af því hvaða flokki víðskiptavinir tilheyra en eftirfarandi eru upplýsingar um réttindi og skyldur samkvæmt sérhverjum flokki.

Almennir fjárfestar

Almennir fjárfestar eru þeir sem hafa minni þekkingu, reynslu og eftir atvikum minni fjárhagslegan styrk en fagfjárfestar og víðurkenndir gagnaðilar. Í þennan hóp falla flestir einstaklingar ásamt smærri félögum. Lögum samkvæmt njóta þeir ríkari fjárfestaverndar. Í því felst m.a. að Kvika mun veita þeim greinargóðar upplýsingar um bankann og þá þjónustu sem hann býður, þá fjárfestingarkosti sem í boði eru og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir, auk upplýsinga um hvaða þóknun eða gjöld bankinn mun áskilja sér fyrir þjónustu sína.

Víð fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu er Kviku skylt að meta hvort tiltekin þjónusta eða tiltekinn fjármálagerningur hæfi fjárfestingarmarkmiðum almenns fjárfestis, reynslu hans, þekkingu og fjárhagslegri stöðu. Feli þjónusta Kviku í sér annars konar þjónustu tengda verðbréfavíðskiptum en eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf ber bankanum að meta hvort fjármálagerningur sé tilhlýðilegur fyrir almennan fjárfesti í ljósi þekkingar hans og reynslu.

Almennir fjárfestar geta, með skriflegri umsókn og að uppfylltum vissum skilyrðum, óskað eftir að vera flokkaðir sem fagfjárfestar í öllum víðskiptum, vegna einstakra víðskipta eða tegundar víðskipta. Þegar almennur fjárfestir óskar eftir að vera flokkaður sem fagfjárfestir skal Kvika meta verðbréfaeign víðskiptavinar, víðskipti hans á fjármálamörkuðum síðastliðna fjóra ársfjórðunga og sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu hans og hvort upplýsingarnar veiti nægilega vissu fyrir því að víðskiptavinur geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Samþykki Kvika umsókn frá almennum fjárfesti um að vera flokkaður sem fagfjárfestir, þá missir víðskiptavinur hluta af þeim réttindum og vernd sem hann myndi njóta sem almennur fjárfestir. Þannig getur flokkun sem fagfjárfestir haft áhrif á samskipti, takmarkað upplýsingagjöf, bestu framkvæmd auk þess sem ekki er skylda að meta þekkingu og reynslu víðskiptavinar áður en fjárfestingarþjónusta er veitt og víðskiptavinum í fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu verður ekki afhent hæfisskýrsla.

Fagfjárfestar

Fagfjárfestar eru þeir fjárfestar sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Fagfjárfestar njóta minni fjárfestaverndar en almennir fjárfestar og Kvika ber ekki jafn ríka upplýsingaskyldu gagnvart fagfjárfestum líkt og til almennra fjárfesta.

Veiti Kvika fagfjárfesti fjárfestingarþjónustu er bankanum ekki skylt að leggja mat á þekkingu og reynslu fjárfestis. Feli slík fjárfestingarþjónusta í sér fjárfestingarráðgjöf víð fagfjárfesti sem fellur undir a)-d) lið hér á eftir er Kviku óskylt að meta hvort víðskiptavinur sé fjárhagslega bær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu sem samræmist fjárfestingarmarkmiðum hans. Víð fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu er Kviku þar af leiðandi eingöngu skylt að meta hvort tiltekin þjónusta eða fjármálagerningur uppfylli fjárfestingarmarkmið fagfjárfestis. Ef um er að ræða almennan fjárfesti sem hefur óskað eftir því að vera fagfjárfestir, sbr. e) liður hér á eftir, og um er að ræða fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu mun Kvika þó, auk þess að meta fjárfestingarmarkmið, einnig meta hvort víðskiptavinur sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu sem samræmist fjárfestingarmarkmiðum hans.

Eftirtaldir aðilar teljast fagfjárfestar:

- a) Aðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega

fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, líffeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.

- b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
1. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 millj. evra í íslenskum krónum eða hærri.
 2. Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra í íslenskum krónum eða meiri.
 3. Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra í íslenskum krónum eða meira.
- c) Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
- e) Almennir fjárfestar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar skv. umsókn fjárfestis.

Ef viðskiptavinur óskar eftir að vera fagfjárfestir á grundvelli umsóknar þess efnis, sbr. e) lið hér að framan, mun Kvika leggja mat sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinar og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í því felst. Auk þessa almenna skilyrðist verður viðskiptavinur að uppfylla tvö af eftirfarandi skilyrðum til að hljóta samþykki Kviku á að vera flokkaður sem fagfjárfestir;

1. Hann hafi átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
2. Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna viðskiptavinar nemi samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
3. Viðskiptavinur gegni eða hafi gegnt, í a.m.k. eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.

Fagfjárfestar geta, með skriflegri umsókn, óskað eftir því að njóta sömu verndar og almennir fjárfestar vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfestum þegar gert er skriflegt samkomulag við Kviku þess efnis að viðkomandi viðskiptavinur verði flokkaður sem almennur fjárfestir í stað fagfjárfestis.

Þá geta fagfjárfestar, aðrir en þeir almennu fjárfestar sem hafa óskað eftir flokkun sem fagfjárfestar sbr. e) lið hér að framan, óskað eftir því að vera færðir í flokk viðurkenndra gagnaðila, að vissum skilyrðum uppfylltum. Við það missa þeir hluta þeirrar verndar sem þeir njóta sem fagfjárfestar. Slík flokkun er háð mati og samþykki Kviku. Vakin skal athygli á því á að viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstu fjárfestaverndar lögum samkvæmt.

Fagfjárfestar bera ábyrgð á að tilkynna bankanum um breytingar sem áhrif geta haft á flokkun þeirra sem og ef þeir telja flokkun sína ranga. Þá er kviku heimilt að breyta flokkun viðskiptavinar sem hefur óskað eftir því að vera fagfjárfestir að eigin frumkvæði í almennan fjárfesti. Það er bankanum jafnframt skylt að gera ef honum verður kunnugt um að fjárfestir uppfylli ekki lengur skilyrði til að teljast fagfjárfestir.

Viðurkenndir gagnaðilar

Viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstu fjárfestaverndar samkvæmt lögum. Gengið er út frá því að þeir hafi viðamikla reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu á sviði viðskipta með fjármálagerninga.

Bankanum er t.d. heimilt að eiga í verðbréfaviðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja þeim skilyrðum um fjárfestavernd sem tilgreind eru í 33.–41. gr., 44.–46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Viðurkenndum gagnaðilum er hins vegar heimilt að krefjast þess að Kvika fari að framangreindum ákvæðum í viðskiptum við þá. Viðurkenndir gagnaðilar skulu staðfesta flokkun sína gagnvart bankanum með skriflegum hætti.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í a)-c) lið hér að framan teljast vera viðurkenndir gagnaðilar. Viðurkenndir gagnaðilar geta, með skriflegri umsókn, óskað eftir að verða flokkaðir sem fagfjárfestar eða almennir fjárfestar vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta og þannig notið aukinnar verndar í samræmi við þá flokkun. Viðurkenndir gagnaðilar bera ábyrgð á að tilkynna bankanum um breytingar sem áhrif geta haft á flokkun þeirra sem og ef þeir telja flokkun sína ranga.